



Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu í Hafnarfirði

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Hafnarfjarðarbær og framhaldskólar í Hafnarfirði munu vinna saman til að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu í Hafnarfirði og draga úr líkum á ítrekuðu ofbeldi.

Börn í viðkvæmri stöðu eru einstaklingar yngri en 18 ára sem eru þolendur og gerendur í ofbeldismálum og falla undir tilkynningarskyldu almennings skv. 1. mgr. 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um að

- a) búa við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- b) verða fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- c) stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 skylda þjónustuveitendur til að taka þátt í að efla eða tryggja farsæld barna og ungmenna hvort sem þjónustuveitandinn er hluti af stjórnsýslu ríkis, sveitarfélags eða einkaaðila til að:

1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
3. Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Samkvæmt lögnum ber þjónustuveitendum að hafa góða almenna samvinnu sín á milli með áherslu á þverfaglega þekkingu og gagnkvæma fræðslu, fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt og bregðast við þeim, og að taka þátt í því samstarfi sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Í samræmi við stefnu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 2024-2028 ber lögreglu að vinna markvisst að farsæld barna í samvinnu við aðra þjónustuveitendur.

Til samræmis við ofangreind markmið og skyldur lýsa aðilar yfir vilja til að starfa saman, móta og samræma verklag sitt í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu, eins og hægt er, innan ramma laga um starfsemi aðila, persónuvernd og mannréttindi. Verklagið nær til miðlunar upplýsinga, samstarfs og þróunar samþættingar í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu og/eða foreldra/forsjáaðila þeirra.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna koma hvorki í stað lögbundinnar tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda, skv. IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002, né vikur til hliðar öðrum lagaskyldum samstarfsaðila vegna barna.

Samstarfsaðilar lýsa yfir skýrum vilja til að þróa áfram samvinnu á grundvelli þessara laga til að tryggja vernd og umönnun barna gegn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði 9. október 2025

Valdimar Vetriss

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Ann-Frjáney

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hildur Ingrasdóttir

f.h Tækniskólans

Halldór Þorsteinsson

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Leifur Þorsteinsson

f.h Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Ólafur Þorsteinsson

f.h Flensborgarskóla

Viðaukar:

Verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu í Hafnarfirði.

Listi yfir fulltrúa samstarfsaðila í verkefninu.

Verklag lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðandi ofbeldi ungmenna.

Reglur um greiningu ágreiningsmála er varða hagsmuni barna sem koma til meðferðar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu með sérstakri áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu.

Stefna LRH 2024-2028 - [Stefnumótun](#)